



# ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 27 – JANÚAR 1984



Nokkrir félagar ÍSLAP.



11

## Fréttapistill

### Ísfossar

Grafarfoss var klifin 13. júni af Jóni og Snævari. En fyrri um veturinn hófðu þeir reynt við nýja leið í fossinum. Þeir urðu frá að hverfa þegar ishamar brotnaði í brattasta kafla klifursins. Urðu þeir að siga niður úr grýlukerti og ísfleyg. Veður þennan dag var mjög slæmt.

Utarlega í Brynjudalnum klifu Jón og Snævar 25 m ísfoss, sem að þeirra sögn er sá erfiðasti sem þeir hafa farið. En fyrstu 15 m voru lóðréttir.

### NV.-veggur Heiðarhorns

Laugardaginn 16. apríl kleif Jón Geirsson NV.-hlíð Heiðarhorns. Var hann einn á ferð, en þetta mun vera í fyrsta skipti sem þessi hlíð er klifin. Tók klifið Jón u. þ. b. 1½ klst., sem m. a. inniheldt 8–10 m lóðréttan ísfoss og endaði í ísuðum 20 m háum klettum með hengju efst.

Dess má geta að Jón notaði aldrei línu á leiðinni.

Virkid var sólóð i annað skiptið, nú síðast í júní. Þar var á ferðinni Snævar Guðmundsson og notaði hann aldrei línu á leiðinni.



Öræfajökull. Ljós.: Ó. G.

### Öræfajökull – páskar '83

Jón Geirsson og Snævar Guðmundsson héldu uppí Öræfajökul um páskana. Fóru þeir upp á skírdag og bjuggu til snjóholu á Hvannadalshrygg, þar sem þeir gистu um nóttina.

A föstudaginn langa lögðu þeir til atlögu við Neðri-Dyrhamar, sem hafði aldrei verið klifinn áður. Þetta var is-klifur í miklum bratta með lóðréttum íshóftum. Tryggingar voru slakar. Klifrið tók rúmlega klst. Síðan þurftu þeir að siga niður á snjópollum.

Að sögn Jóns og Snævars er þetta mjög alvarlegt klifur, og mun erfiðara en Kirkjan.

En ekki létu þeir félagar staðar numið, heldur heldur rakleiðis út að Kirkjunni, eftir aður ófarinni leið.

Þar hittu þeir fyrir Björgvin Ríkharðsson og Óskar Þorbergs, sem síðan klifu Kirkjuna í samfloti.

Eftir það héldu þeir Snævar og Jón sömu leið til baka, en Björgvin og Óskar fóru uppá Hnjúk og Efra-Dyrhamar. Loks má geta að Björgvin og Óskar hófðu á skírdag klifið áður ófarinni tind, Sveinstind.

Um nöttina fengu Óskar og Björgvin mjög slæmt veður á sig, þannig að tjaldið fauk af þeim.

Að lokum má geta þess að á leið niður mættu Jón og Snævar Björgunarsveitinni Ingólfí á leið á Öræfajökul, en þeir munu hafa snúið við vegna illviðris.

12